

Stjórnarfundur Glímusambands Íslands

13. apríl 2018 kl. 17:30, haldinn í Ljósheimum 12.

Mætt voru: Svana Hrönn Jóhannsdóttir formaður, Guðmundur Stefán Gunnarsson varaformaður, Marín Laufey Davíðsdóttir ritari og Margrét Rún Rúnarsdóttir meðstjórnandi.

Jóhanna Guðrún S. Magnúsdóttir gjaldkeri boðaði forföll og mætti ekki á fundinn.

- **Grunnskólamót**

- Grunnskólamótið gekk vel. Rætt var um að breyta verðlaunahefðinni og veita yngstu börnunum þátttökuverðlaun. Árangur þeirra myndi þó telja í heildarstigum mótsins. Rætt var um að leyfa 4. bekk að keppa. Skoða þarf þessi mál betur, hvað segja þjálfarar. Athuga með reglugerðarbreytingu.

- **Íslandsglíma**

- Mistök urðu við skráningu vinninga í kvennaflokki. Marta Lovísa fékk vinning sem Margrét Rún hefði átt að fá. Glímusambandið harmar þetta og biður Margréti afsökunar á þessum mistökum. Stjórn GLÍ ákveður að skoða stig m.t.t. styrkleikalista GLÍ, þannig að Margrét fái jafn mörg stig og 2. sæti (sem hún hefði átt rétt á að glíma um við Jönu Lind).
- Rætt var um Fegurðarverðlaunin, spurning hvernig er hægt að veita þau þannig að þau skyggi ekki á sigurvegara mótsins, dæmi um lausn er að fegurðarverðlaunin verði veitt fyrir verðlaunaafhendingu Íslandsglímunnar.
- Hugmyndir fyrir næstu Íslandsglímu: Hafa skemmtilegri keppnisstað. Athuga með styrki tengda mótinu. Þjóða upp á veitingar strax eftir mót. Fá ljósmyndara til að taka myndir og myndbönd sem hægt væri að nota sem kynningaefni.

- **Mótaskrá**

- Mótaskrá er að verða klár til birtingar. Stefnan er að byrja á ungmennabúðum í glímu, sem verða fyrir 7.-10. bekk.

- **Tölvu- og tæknimál GLÍ**

- Svana ætlar að skoða málin með Snæ Seljan. Uppfæra þarf heimasíðu GLÍ sem fyrst.

- **EM unglunga í Penrith**
 - Ferðin gekk vel. Svana og Guðmundur Stefán fóru með hópnum. Bestum árangri náði Heiðrún Fjóla Pálsdóttir, en hún varð Evrópumeistari í backholdi. Aðrir keppendur stóðu sig vel og flestir komust á verðlaunapall. Atli Már Sigmarsson var dómari á mótinu. Ólafur Oddur Sigurðsson fór einnig með í ferðina.
- **Skotlandsferð 18 ára og eldri**
 - Markmiðið er að fara með hóp til Skotlands að keppa á hálandaleikunum. Athuga þarf með áhugasama sem vilja fara. Það þarf að panta ferðina.
- **Ungmennaferð í sumar**
 - Skotar sjá sér ekki fært að taka á móti hóp til æfinga og keppni í ár.
 - Rætt var við Austurríkismenn úti í Penrith og áhugi er hjá þeim að fá hóp til sín til að æfa ranglen, backhold og glímu. Málið er enn í vinnslu.
- **EM 2019**
 - Spánverjar eru að skoða málin hjá sér, hvort þeir vilja halda EM á næsta ári. Svar mun berast á næstu dögum. Ef þeir geta ekki haldið mótið, mun GLÍ taka það að sér.
- **Landsmót**
 - Rætt var um Landsmót UMFÍ. Hugmyndin er að vera með kynningu og mót. Athuga áhuga hjá 18 ára og eldri.
- **Nefndir GLÍ**
 - Fræðslunefnd og ritnefnd verða sameinaðar og heitir Fræðslunefnd:
 - Guðmundur Stefán Gunnarsson formaður
 - Ólafur Oddur Sigurðsson
 - Eva Dögg Jóhannsdóttir
 - Minjasafnsnefnd:
 - Sigmundur Stefánsson
 - Jón M. Ívarsson
 - Stefán Geirsson

- Laganefnd
 - Jóhanna Guðrún S. Magnúsdóttir
 - Svana Hrönn Jóhannsdóttir
 - Sigurjón Leifsson
 - Snær Seljan Þóroddsson
- Utanríkis- og landsliðsnefnd:
 - Jóhanna Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður
 - Ingibergur Sigurðsson
 - Guðmundur Stefán Gunnarsson
 - Marín Laufey Davíðsdóttir
- Mótanefnd:
 - Svana Hrönn Jóhannsdóttir
 - Margrét Rún Rúnarsdóttir
 - Marín Laufey Davíðsdóttir
- **Önnur mál**
 - Rætt var um búningamál landsliðsins. Spurning að kaupa heildarpakka, jakka, peysu, boli, buxur, stuttbuxur. Málið verður skoðað.

Fundi slitið kl. 20:00